18. september 2023

# Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024

Kynning fyrir fjárlaganefnd
Fyrri hluti

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Efnisskipan kynningar

*mánudaginn 18. september*

1. Efnahagshorfur
2. Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum
3. Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

*miðvikudaginn 21. september*

4. Tekjur ríkissjóðs
5. Útgjöld ríkissjóðs
6. Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur
7. Heimildir ráðherra

# Efnahagshorfur

# Mikill hagvöxtur

Ekkert Evrópuríki sem samræmdar tölur ná til hafði meiri hagvöxt á fyrri helmingi árs.

**Hagvöxtur**




*Meðaltal OECD-ríkja. Heimild: Hagstofa Íslands (Ísland), OECD (önnur ríki).

# Ör fjölgun starfa og íbúa drífur vöxtinn

Íbúafjölgun fyrst og fremst drifin af mikilli eftirspurn eftir vinnuafli, ekki síst í ferðaþjónustu. Vísbendingar um að eftirspurn eftir vinnuafli hafi minnkað undanfarið.

**Fjöldi starfandi og fjölgun frá 4. ársfjórðungi 2020**
Þúsundir




Alls
**+32 þús. störf**

þar af innflytjendur:
**+19 þús. störf**

Heimild: Hagstofa Íslands. Starfandi samkvæmt skrám. Árstíðaleiðrétt.

# Nú hægir á vextinum

Aðhald hagstjórnar er byrjað að kæla einkaneyslu og fjárfestingu líkt og því er ætlað. Ferðaþjónusta hélt áfram að vaxa hratt fyrr á árinu en nú hægir líklega á vexti hennar.

**Hægir á neyslu og fjárfestingu**
Vöxtur milli ára




**Ferðaþjónusta hefur náð fyrra stigi og gott betur**
Velta erlendra greiðslukorta á raunvirði,
2019 = 100




Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

# Áfram mikil uppbygging íbúða

Engin skýr teikn um að dregið hafi úr uppbyggingu húsnæðis.

**Íbúðum í byggingu fjölgar**




**Nýbyggðum íbúðum fjölgar einnig**




Heimild: HMS. Vinstri mynd: Staða samkvæmt fasteignaskrá.

# Kaupmáttur að aukast þrátt fyrir verðbólgu

Verðbólga enn allt of há en engu að síður hefur kaupmáttur aukist, enda hafa laun hækkað meira. Viðvarandi háar verðbólguvæntingar eru áhyggjuefni.

**Laun hækkað meira en verðlag undanfarið**
12 mánaða hækkun



# Staða heimilanna er sterk

Skuldavöxtur heimila er hóflegur. Verðtryggðar lánveitingar hafa aukist að undanförnu en hlutdeild þeirra í útistandandi lánum hefur ekki breyst mikið.



# Vaxtagjöld heimila ekki orðin sérlega há

Vaxtagjöld heimila hafa farið hækkandi, en voru enn undir langtímameðaltali á 1. ársfjórðungi í hlutfalli við ráðstöfunartekjur.

**Vaxtagjöld heimila**
Hlutfall af ráðstöfunartekjum




Heimild: Tekjuskiptingaruppgjör Hagstofu Íslands. Hlutfall af ráðstöfunartekjum fyrir vaxtagjöld. Árstíðaleiðrétt.

# Afkoma ríkissjóðs hefur fylgt hagsveiflunni

Litið yfir tímabilið 2021-2023 er afkoma að batna í takt við hagvöxt, ólíkt því sem stundum er haldið fram.

**Afkoman hefur þróast í takt við hagsveifluna**




*Leiðréttur fyrir einskiptis- og tilfallandi liðum. % af landsframleiðslu.

# Áfram aðhald 2024

Áfram er brýnt að ríkissjóður hamli ekki því verkefni að ná verðbólgu að markmiði. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður dragi lítillega úr umsvifum í hagkerfinu 2024.

**Ríkissjóður hefur dregið úr eftirspurn**
Breyting í hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði ríkissjóðs, % af framleiðslugetu



# Skattar hækka meira en útgjöld

Ekki er svigrúm til þess að falla frá fyrirhuguðum tekjuráðstöfunum eða auka útgjöld frekar án þess að það leiði til meiri verðbólgu og/eða hærri vaxta.



# Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum

# Lykilatriði í fjárlagafrumvarpinu

- **Gert er ráð fyrir 46 ma.kr. halla á næsta ári eða 1% af VLF** sem er yfir 70 ma.kr. betri afkoma en áætlun fjárlaga ársins 2023.
- **Frumjöfnuður verður jákvæður um 28 ma.kr. eða 0,6% af VLF** og batnar milli ára þegar tekið er tillit til einskiptisliða.
- **Skuldir skv. skuldareglu verða 31% af VLF** og lækkar hlutfallið lítillega milli ára.

- **Rekstur ríkissjóðs er á réttri leið**
  - **Frumjöfnuður hefur batnað verulega** og mun hraðar en áður áætlað.
  - **Ríkið vinnur áfram gegn verðbólguþrýstingi** og styður við markmið peningastefnu.
  - **Ráðstafanir auka tekjur og draga úr útgjaldavexti á næsta ári.**
  - **Skuldahlutfall fer lækkandi** og meginmarkmiði fjármálastefnu árin 2022-2026 hefur þegar verið náð.

# Afkoma ríkissjóðs hefur batnað hratt

Afkoman hefur ekki verið betri síðan 2018 og stjórnvöld eru nú í raunhæfri stöðu að ná fram jákvæðum heildarjöfnuði áður en langt um líður.

**Frumjöfnuður og heildarjöfnuður ríkissjóðs**
% af VLF



# Frumjöfnuðurinn batnar milli ára

Þegar leiðrétt er fyrir einskiptis tekjum og áhrifum verðlagsbóta er bati í undirliggjandi frumjöfnuði um 10 ma.kr. eða 0,2% af VLF frá 2023 til 2024.

**Frumjöfnuður og leiðréttur frumjöfnuður ríkissjóðs**
% af VLF




* Frumjöfnuður ársins 2023 leiðréttur fyrir 15,5 ma.kr. einskiptis tekjum vegna sölu Landsvirkjunar á Landsneti og 13 ma.kr. áhrifum verðlags ársins 2023 sem koma fram á árinu 2024.

# Kraftmeiri bati en meðaltal þróaðra ríkja

Viðsnúningurinn hefur verið kraftmeiri og batinn meiri en að jafnaði meðal þróaðra ríkja.

**Afkoma hins opinbera að batna hratt í alþjóðlegum samanburði**
Frumjöfnuður hins opinbera, % af VLF




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og útreikningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins

# Alþjóðlegur samanburður

## Frumjöfnuður hins opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélaga, er áætlaður hærri á næsta ári en í mörgum öðrum ríkjum.

**Frumjöfnuður hins opinbera verður jákvæður um 0,7%**
Frumjöfnuður hins opinbera 2024, % af VLF




Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og útreikningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins

# Skuldir verða 31% af VLF í lok næsta árs

Skuldahlutfallið náði hámarki 2021-2022 og fer lækkandi. Markmið fjármálastefnu árin 2022-2026 um að stöðva vöxt skulda sem % af VLF hefur verið náð.

**Skuldahlutfallið lækkar áfram og stefnir í 31% af VLF í árslok 2024**
Skuldir skv. skuldareglu* hækka um rúmlega 50 ma.kr. að nafnvirði milli 2023 og 2024 en lækka sem hlutfall af VLF




* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum. Skuldareglan tekur til hins opinbera í heild og kveður á um að skuldir hins opinbera skuli ekki vera umfram 30% af VLF.

# Markvert betri staða en fyrstu spár

Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu sem % af VLF fara lækkandi frá miklu lægra stigi en óttast var fyrir þremur árum þ.e. á upphafsdögum faraldursins.

**Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu, % af VLF**




*Samanburður við fjármálaáætlun árin 2021-2025

# Stefnumörkun í opinberum fjármálum

**Fjármálastefna 2022-2026**
Samþykkt á Alþingi í febrúar 2022

Stöðva hækkun skulda sem % af VLF eigi síðar en 2026

*Leiðarljós laga um opinber fjármál um sjálfbærni og stöðugleika*

**Fjármálaáætlun 2023-2027**
Samþykkt á Alþingi í júní 2022

Hagvaxtartímabilið nýtt til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs og opinberum fjármálum beitt til þess að draga úr þenslu- og verðbólgu

**Fjármálaáætlun 2024-2028**
Samþykkt á Alþingi í júní 2023

Standa vörð um efnahagsbatann sem náðst hefur eftir kórónuveirufaraldurinn og sporna við þenslu í hagkerfinu og verðbólgu á sama tíma og styrkur ríkisfjármálanna er endurbyggður

**Frumvarp 2024**
Lagt fram á Alþingi í september 2023

- Halli 46 ma.kr. eða 1% af VLF sem er yfir 70 ma.kr. betri afkoma en áætlun fjárlaga ársins 2023
- Skuldir í árslok 2024 áætlaðar um 31% af VLF sem er lækkun um yfir 1% af VLF frá fyrra ári

# Frumvarpið er í samræmi við markmið fjármálaáætlunar

**Samanburður við fjármálaáætlun árin 2024-2028**

| Þjóðhagsgrunnur | ma.kr. Fjármála-áætlun 2024 | Frumvarp 2024 | br. | % af VLF Fjármála-áætlun 2024 | Frumvarp 2024 | br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 1.298,0 | 1.312,3 | 14,3 | 29,2 | 29,0 | -0,3 |
| Frumgjöld | 1.284,5 | 1.284,1 | -0,4 | 28,9 | 28,4 | -0,6 |
| **Frumjöfnuður** | **13,5** | **28,1** | **14,6** | **0,3** | **0,6** | **0,3** |
| Vaxtatekjur | 35,1 | 36,3 | 1,2 | 0,8 | 0,8 | 0,0 |
| Vaxtagjöld | 96,9 | 110,7 | 13,8 | 2,2 | 2,4 | 0,3 |
| **Vaxtajöfnuður** | **-61,8** | **-74,4** | **-12,6** | **-1,4** | **-1,6** | **-0,3** |
| Heildartekjur | 1.333,1 | 1.348,5 | 15,4 | 30,0 | 29,8 | -0,2 |
| Heildargjöld | 1.381,4 | 1.394,8 | 13,4 | 31,1 | 30,8 | -0,3 |
| **Heildarjöfnuður** | **-48,3** | **-46,3** | **2,0** | **-1,1** | **-1,0** | **0,1** |

- Frá samþykkt fjármálaáætlunar hafa efnahags-forsendur breyst á þann veg að nú er gert ráð fyrir hærri verðbólgu og vaxtastigi.
- Tekið er tillit til nokkurra afmarkaðra mála sem forsendur lágu ekki fyrir við vinnslu fjármálaáætlunar t.d. aukin stofnframlög og samningur við sérgreinalækna.
- Afkomubætandi ráðstafanir 9 ma.kr. eru útfærðar á gjaldahlið í frumvarpinu en voru til jafns á tekju- og gjaldahlið í fjármálaáætlun þar sem útfærslan lá ekki fyrir á þeim tímapunkti.

# Heildarjöfnuður batnar um 2% af VLF frá fjárlögum 2023

**Samanburður við fjárlög 2023**

| Þjóðhagsgrunnur | ma.kr. Fjárlög 2023 | ma.kr. Frv. 2024 | ma.kr. br. | % af VLF Fjárlög 2023 | % af VLF Frv. 2024 | % af VLF br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Heildartekjur** | **1.147,9** | **1.348,5** | **200,6** | **29,0%** | **29,8%** | **0,7%** |
| **Skatttekjur** | **896,4** | **1.059,7** | **163,2** | **22,7%** | **23,4%** | **0,7%** |
| Skattar á tekjur og hagnað | 387,8 | 456,6 | 68,8 | 9,8% | 10,1% | 0,3% |
| Skattar á laungreiðslur og vinnuafl | 11,1 | 12,1 | 1,0 | 0,3% | 0,3% | 0,0% |
| Eignarskattar | 10,6 | 16,5 | 6,0 | 0,3% | 0,4% | 0,1% |
| Skattar á vöru og þjónustu | 465,8 | 550,2 | 84,3 | 11,8% | 12,1% | 0,4% |
| Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti | 5,0 | 6,8 | 1,8 | 0,1% | 0,1% | 0,0% |
| Aðrir skattar | 16,1 | 17,5 | 1,4 | 0,4% | 0,4% | 0,0% |
| **Tryggingagjöld** | **128,4** | **141,2** | **12,8** | **3,2%** | **3,1%** | **-0,1%** |
| **Fjárframlög** | **7,1** | **7,1** | **0,0** | **0,2%** | **0,2%** | **0,0%** |
| **Aðrar tekjur** | **116,0** | **140,5** | **24,6** | **2,9%** | **3,1%** | **0,2%** |
| Eignatekjur | 68,5 | 94,3 | 25,9 | 1,7% | 2,1% | 0,4% |
| þ.a. vaxtatekjur | 25,4 | 36,3 | 10,9 | 0,6% | 0,8% | 0,2% |
| þ.a. arðgreiðslur | 33,2 | 45,2 | 12,1 | 0,8% | 1,0% | 0,2% |
| Sala á vöru og þjónustu | 41,2 | 40,3 | -0,9 | 1,0% | 0,9% | -0,2% |
| Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur | 6,2 | 5,9 | -0,4 | 0,2% | 0,1% | 0,0% |
| **Heildargjöld** | **1.267,5** | **1.394,8** | **127,3** | **32,0%** | **30,8%** | **-1,3%** |
| **Rekstrarútgjöld** | **1.241,4** | **1.367,8** | **126,3** | **31,4%** | **30,2%** | **-1,2%** |
| Laun | 283,9 | 310,8 | 26,9 | 7,2% | 6,9% | -0,3% |
| Kaup á vöru og þjónustu | 205,0 | 225,6 | 20,6 | 5,2% | 5,0% | -0,2% |
| Afskriftir | 59,5 | 68,2 | 8,7 | 1,5% | 1,5% | 0,0% |
| Vaxtagjöld | 94,7 | 110,7 | 16,0 | 2,4% | 2,4% | 0,1% |
| Framleiðslustyrkir | 62,9 | 70,3 | 7,4 | 1,6% | 1,6% | 0,0% |
| Fjárframlög | 438,2 | 473,8 | 35,5 | 11,1% | 10,5% | -0,6% |
| Félagslegar tilfærslur til heimila | 27,3 | 29,4 | 2,1 | 0,7% | 0,6% | 0,0% |
| Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög | 69,9 | 79,0 | 9,1 | 1,8% | 1,7% | 0,0% |
| **Fastafjárútgjöld** | **26,1** | **27,0** | **1,0** | **0,7%** | **0,6%** | **-0,1%** |
| Fjárfesting í efnislegum eignum | 85,6 | 95,3 | 9,7 | 2,2% | 2,1% | -0,1% |
| Afskriftir (-) | -59,5 | -68,2 | -8,7 | -1,5% | -1,5% | 0,0% |
| **Frumjöfnuður** | **-50,3** | **28,1** | **78,4** | **-1,3%** | **0,6%** | **1,9%** |
| **Vaxtajöfnuður** | **-69,3** | **-74,4** | **-5,2** | **-1,8%** | **-1,6%** | **0,1%** |
| **Heildarjöfnuður** | **-119,6** | **-46,3** | **73,3** | **-3,0%** | **-1,0%** | **2,0%** |

- Tekjuáætlun er um 200 ma.kr. hærri m.a. vegna verðlagsáhrifa af hærri verðbólgu og grunnáhrifa frá árinu 2022.
- Frumgjöld aukast um 111 ma.kr. frá fjárlögum síðasta árs sem er raunaukning um 4% þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbætur sem nema 68 ma.kr.
- Ef leiðrétt er fyrir hækkun framlaga vegna orkuskipta sem voru áður á tekjuhlið og 10 ma.kr. auknum framlögum vegna byggingar nýs Landspítala þá er raunaukning 2%.
- Innifaldar í þessum raunvexti eru 17 ma.kr. ráðstafanir sem draga úr útgjaldavexti.

# Ráðstafanir á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs eru útfærðar í frumvarpinu

- Á næsta ári er gert ráð fyrir **17 ma.kr. ráðstöfunum til að draga úr útgjaldavexti** sem útfærðar eru í málefnasviðum ráðuneytanna. Þær ráðstafanir felast m.a. í því að draga saman rekstrarframlög og umfangi nýrra verkefna sem fyrirhuguð voru í forsendum fjármálaáætlunarinnar.
- Ráðstafanir á tekjuhlið skila **u.þ.b. 25 ma.kr. í auknar tekjur** á næsta ári. Þar er m.a. gengið út frá forsendum um heildarendurskoðun á skattlagningu ökutækja og eldsneytis, að farið sé í aukna skattlagningu á ferðaþjónustuna og aukna gjaldtöku af fiskeldi til viðbótar við ráðstafanir sem tóku gildi í ár.

# Svipað umfang frumgjalda og árið 2019

Umfang frumtekna og frumgjalda verður svipað á næsta ári og árið 2019 sem hlutfall af VLF.

**Þróun tekna og gjalda ríkissjóðs (A1-hluta) frá 2019**



# Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

# Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

**A-hluti samstæða**

**A1**
Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

**A2**
Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins, og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

**A3**
Starfsemi hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

*sbr. 1. gr. fjárlaga og kafla 3, 4 og 5 í greinargerð*

*sbr. kafla 6 í greinargerð*

*Samstæðuyfirlit A-hluta í heild*
*sbr. kafla 7 í greinargerð*

- Samkvæmt lögum um opinber fjármál ber að setja fjárlög fram í samræmi við alþjóðlegan hagskýrslustaðal, skl. GFS staðal (e. Government Finance Statistics).
- Í lok árs 2021 var 50. gr. laga um opinber fjármál, um starfsemi og verkefni ríkisins, breytt með skiptingu A-hluta í A1-, A2- og A3-hluta (lög um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022, nr. 131/2021).

# Yfirlit yfir flokkun ríkisaðila í A2- og A3-hluta

## Sbr. 6. kafla greinargerðar með frumvarpinu. Áætlun B-hluta aðila er í 8. kafla.

| Ríkisaðili | Flokkun |
|---|---|
| Byggðastofnun | A-2 |
| Eignasafn ríkiseigna | A-2 |
| Húsnæðissjóður | A-2 |
| ÍL-sjóður | A-2 |
| Menntasjóður námsmanna | A-2 |
| Náttúruhamfaratrygging Íslands | A-2 |
| Betri samgöngur ohf. | A-3 |
| Eignahlutir ehf. | A-3 |
| Fasteignir Háskóla Íslands ehf. | A-3 |
| Fjárföng ehf. | A-3 |
| Harpa ohf. | A-3 |
| Landskerfi bókasafna hf. | A-3 |
| Leigufélagið Bríet ehf. | A-3 |

| Ríkisaðili | Flokkun |
|---|---|
| Lindarhvoll ehf. | A-3 |
| Neyðarlínan ohf. | A-3 |
| Nýr Landspítali ohf. | A-3 |
| Rannsókna- og háskólanet Íslands hf. | A-3 |
| Ríkisútvarpið ohf. | A-3 |
| Sítus ehf. | A-3 |
| Tæknigarður ehf. | A-3 |
| Tæknisetur ehf. | A-3 |
| Vaðlaheiðargöng hf. | A-3 |
| Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. | A-3 |
| Vísindagarðurinn ehf. | A-3 |
| Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. | A-3 |
| Öryggisfjarskipti ehf. | A-3 |

# Samstæðuyfirlit A1, A2 og A3-hluta 2024

Innbyrðis viðskipti eru áætluð annars vegar með upplýsingum um framlög til rekstrar úr ríkissjóði úr samstæðureikningi A2- og A3-hluta sem sett er fram í kafla 6 og hins vegar með áætlun um önnur innbyrðis viðskipti miðað við sögulega þróun.

| Þjóðhagsgrunnur, m.kr. | A1-hluti | A2-hluti | A3-hluti | Innbyrðis viðskipti | Samstæða |
|---|---|---|---|---|---|
| Frumtekjur | 1.312.253 | 27.593 | 50.933 | -37.646 | 1.353.133 |
| Frumgjöld | 1.284.132 | 29.601 | 42.288 | -37.646 | 1.318.375 |
| **Frumjöfnuður** | **28.121** | **-2.008** | **8.645** | **0** | **34.758** |
| **% af VLF** | **0,6%** | **0,0%** | **0,2%** | **0,0%** | **0,8%** |
| Vaxtatekjur | 36.278 | 76.433 | 811 | -35.554 | 77.968 |
| Vaxtagjöld | 110.693 | 84.465 | 8.921 | -35.554 | 168.526 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **-74.415** | **-8.032** | **-8.110** | **0** | **-90.558** |
| **% af VLF** | **-1,6%** | **-0,2%** | **-0,2%** | **0,0%** | **-2,0%** |
| Heildartekjur | 1.348.532 | 104.026 | 51.744 | -73.201 | 1.431.101 |
| Heildarútgjöld | 1.394.826 | 114.066 | 51.210 | -73.201 | 1.486.901 |
| **Heildarjöfnuður** | **-46.294** | **-10.040** | **535** | **0** | **-55.800** |
| **% af VLF** | **-1,0%** | **-0,2%** | **0,0%** | **0,0%** | **-1,2%** |

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið